

## Áttundi fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja Fundargerð

Fundur haldinn fimmtudaginn 28. nóvember 2013 kl. 14:00 að Garðvegi 1, Sandgerði.

### Viðstaddir:

Gunnar Þór Hallgrímsson, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands  
Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum  
Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja  
Sigrún Árnadóttir, stjórnarformaður  
Sverrir Guðmundsson, fulltrúi Keilis  
Þorvaldur Örn Árnason, varafulltrúi SSS

Stjórnarformaður setti fundinn. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Samráðsfundur Þekkingarseturs og Mennta- og menningarmálaráðuneytis

Árlegur samráðsfundur Þekkingarsetursins og Menntamálaráðuneytisins var haldinn þriðjudaginn 24. september. Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður setursins, fór á fundinn og sagði stjórn frá því sem þar var rætt en fundurinn gekk mjög vel.

#### 2. Fundur og upptökur síðustu mánaða

Forstöðumaður fór yfir fundi og upptökur síðustu mánaða í Þekkingarsetrinu. Af mörgu er að taka en má þar meðal annars nefna málþingið Jarðfræði og fræðandi ferðarþjónusta, opið hús á Sandgerðisdögum, þátttöku setursins í Comeniusar verkefni Sandgerðisbæjar, Vísindakaffi, Vísindavöku og heimsókn þingmanna Suðurkjördæmis í Þekkingarsetrið á meðan kjördæmaviku stóð.

#### 3. Fjárhagsáætlun næsta árs

Forstöðumaður kynnti drög að fjárhagsáætlun næsta árs sem var samþykkt einróma. Áætlaðar tekjur næsta árs eru 43.440.000 kr. Skv. fjárlögum 2014 á setrið að fá 16 milljóna króna fjárstyrk úr ríkissjóði. Áætluð útgjöld eru 43.994.664 kr. og rekstrarniðurstaða ársins því -554.664 kr. Rekstrarafgangur ársins 2013 er áætlaður 2.480.625 kr. og kemur hann til móts við halla. Stjórn samþykkti að afgangurinn yrði settur í sjóð til þess að standa straum af óvæntum fjárútlátum.

#### 4. Viðhaldsáætlun næsta árs

Farið var stuttlega yfir viðhald hússins á líðandi ári og viðhaldsáætlun næsta árs kynnt. Þar verður m.a. lögð áhersla á að endunýja eitt af rannsóknarymum. Viðhaldsáætlun var samþykkt einróma og verður lögð fyrir byggingarfulltrúa Sandgerðisbæjar.

#### 5. Drög að starfsáætlun næsta árs

Forstöðumaður kynnti drög að starfsáætlun næsta árs.

#### 6. Framhald á stefnumótun

Ákveðið var að fresta málinu til næsta fundar.

#### 7. Önnur mál

- a) Rætt var um málefni sýningarinnar Heimskautin heilla. Ákveðið að forstöðumaður og stjórnarformaður boði þá Jörund Svavarsson og Friðrik Rafnsson sem stóðu að uppsetningu sýningarinnar ásamt fleirum, á fund til að ræða stefnumál er varða sýninguna.

Fundi var slitið kl. 16:00.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

---

Sigrún Árnadóttir - SIGN

---

Gunnar Þór Hallgrímsson - SIGN

---

Halldór Pálmar Halldórsson - SIGN

---

Sverrir Guðmundsson - SIGN

---

Þorvaldur Örn Árnason - SIGN